

2. fundur hreppsnefndar Árneshrepps haldinn miðvikudaginn 22.mars 2017 kl.14:00 á skrifstofu hreppsins í Norðurfirði.

Mætt eru; Hrefna Þorvaldsdóttir Árnési II, Bjarnheiður J. Fossdal Melum, Eva Sigurbjörnsdóttir Djúpuvík, Ingólfur Benediktsson Árnési II. Ritari er Elín Agla Briem.

Dagskrá fundarins:

1. Skipulagsmál, deiliskipulag v. Dranga og Hvalárvirkjunar. Byggingarfulltrúi verður í sambandi.

Farið var yfir minnisblað varðandi Hvalárvirkjun frá Verkís og mun oddviti senda bréf með athugasemdum hreppsnefndar til byggingarfulltrúa.

Farið var yfir deiliskipulags- og aðalskipulagsbreytingar á Dröngum og bókað skal eftirfarandi: Breyting á aðalskipulagi er samþykkt skv framlögðum gögnum, uppdrætti dags 5.des 2016. Skipulagsfulltrúa er falið að auglýsa breytinguna samhliða nýrri deiliskipulagstillögu skv 31. Og 41. Gr. skipulagslaga nr 123/2010. Deiliskipulagstillaga er samþykkt skv framlögðum gögnum , uppdráttur og yfirlitsmynd dags 24.janúar 2017. Skipulagsfulltrúa er falið að kynna tillöguna skv 41.gr. Skipulagslaga nr.123/2010.

2. Samantekt varðandi málefni Finnbogastaðaskóla, þ.á.m.fundargerð skólanefndar.

Starfslokasamningur við fyrrveranda skólustjóra var kynntur. Rætt var um að húsaleiga skólatjóraíbúðar yrði áfram kr 65000 á mánuði. Samþykkt var að fá bæði dans- og tónlistarkennara á vormánuðum til að kenna styttri námskeið fyrir nemendur.

3. Bréf frá EBÍ varðandi styrktarsjóð félagsins.

Ákveðið var að skoða málið frekar og finna góð verkefni til að sækja um styrk fyrir. Hugmynd kom fram um að sækja um styrk til að vinna að auknu öryggi, fegrunar og betri menningar við verslun og höfn í Norðurfirði.

4. Bréf frá Félagi eldri borgara í Strandasýslu.

Ákveðið var að styrkja félag eldri borgara í Strandasýslu um kr 50000.

5. Stefnumótun í ferðaþjónustu, bréf frá Thorp ehf., kynning.

Lagt fram til kynningar.

6. Tryggingarmál, bréf frá Viðlagatryggingu lagt fram til kynningar.

Oddviti mun kynna sér hvað felist í orðinu vatnsveita í sambandi við tryggingar.

7. Landsþing Sambands ísl. sveitarfélaga, samvinna og fleira.

Oddviti mun fara á þingið.

8. Bréf frá Gunnsteini Gíslasyni og önnur málefni Norðurfjarðarhafnar. Ákvörðun um gjaldskrá.

Hreppsnefnd ákvað að ganga frá kaupum á tveimur lyfturum í eigu Gunnsteins Gíslasonar á kr 500000. Ákvað var að kanna gjaldskrá hafnargjalda hjá nærliggjandi höfnum með það að markmiði að hækka gjöld eitthvað vegna útgjalda við framkvæmdir, hafnargarður og nýr krani.

9. Bréf frá Ísorku, lagt fram til kynningar.

135.

Bréf frá Ísorku var lagt fram til kynningar og umræðu.

10. Rekaréttindin í Kolbeinsvík og ákvarðanir varðandi Kamb og Kolbeinsvík.

Ákveðið var að leigja Magnúsi Karli Péturssyni, kt 3009794169, rekaréttindi í Kolbeinsvík á kr 25000 á ári. Oddviti sér um að gera leigusamning við leigutaka til fimm ára. Oddvita er gefin heimild til að afla upplýsinga og undirbúa auglýsingu um sölu á jörðunum, að fengnu samþykki hreppsnefndar.

11. Bréf til hreppsnefndar frá VesturVerki ehf varðandi framlengda heimild til slóðagerðar.

Bréfið var rætt og mun oddviti hafa samband við Umhverfisstofnun til að kanna hvort þeirra leyfi þurfi einnig til að gera slíkan slóða. Þar sem tveir hreppsnefndarmenn sátu hjá og einn var fjarverandi og þriðji óskaði eftir nánari upplýsingum þá bíður lokaniðurstaða þar til síðar.

12. Framkvæmdasjóður ferðamannastaða/Húsafriðurnarsjóður, staða mála.

Umsókn hreppsins var synjað.

Umræða var í lokin um viðhald á eignum hreppsins og ákvörðun tekin um kaup á háf fyrir Kaffi Norðurfjörð.

Fundi slitið kl 17.00.

